

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 3 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 21. desember 1969.

Frá og með 10. ágúst 1970 gengur í gildi viðauki og breytingar nr. 3 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 21. desember 1969, útgefin í dag.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 13. júlí 1970.

Eggert G. Þorsteinsson.

Jón Thors.

31. júlí 1970.

Nr. 275.

AUGLÝSING

varðandi hreindýraveiðar.

Ráðuneytið hefur ákveðið, að hreindýraveiðar skuli eigi fara fram árið 1970, og er því frestað um sinn framkvæmd reglna nr. 263/1960, um hreindýraveiðar í Múlasýslum.

Menntamálaráðuneytið, 31. júlí 1970.

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

3. desember 1970.

Nr. 276.

AUGLÝSING

um skipulag í Svarfaðardalshreppi í Eyjafjarðarsýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 skuli ná til Svarfaðardalshrepps.

Félagsmálaráðuneytið, 3. desember 1970.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.